



Gott mál?

Um málfarshluta samræmdra könnunarprófa í íslensku

Védís Hrönn Gunnlaugsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Gott mál?

Um málfarshluta samræmdra könnunarprófa í íslensku

Védís Hrönn Gunnlaugsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Ásgrímur Angantýsson

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2016

Gott mál? Um málfarshluta samræmdra könnunarprófa í íslensku

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs
í Grunnskólakennarafræði við Kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

©Védís Hrönn Gunnlaugsdóttir 2016

Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi
höfundar.

Prentun: Héraðsprent

Egilsstaðir 2016

Ágrip

Samræmd könnunarpróf í íslensku fara fram í öllum grunnskólum landsins ár hvert og eru lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk. Megin viðfangsefni þessarar rannsóknar er að kanna að hvaða marki verið er að prófa í „réttu máli og röngu“ eða „góðu máli og vondu“ á samræmdum könnunarprófum í íslensku og hvert vægi slíkra prófverkefna hefur verið í 4. 7. og 10. bekk. Vægi þessa matsþáttar var borið saman við kennsluáætlanir úr tuttuguogátta grunnskólum landsins sem valdir voru af handahófi. Einnig var hugað að villum í prófspurningunum og þær ígrundaðar. Gagnaöflun fór fram með skoðun samræmdu prófanna í íslensku í 4. 7. og 10. bekk frá árunum 2013, 2014 og 2015 og lauslegum samanburði við kennsluáætlanir.

Þegar samræmd könnunarpróf í íslensku eru skoðuð kemur í ljós að töluverð áhersla er lögð á að kanna færni nemenda í að meta rétt og rangt og gott og vont mál og virðist sem þessi áhersla aukist eftir því sem nemendur eldast. Þegar skólanámskrár og kennsluáætlanir þeirra árganga sem taka þessi próf eru skoðuð kemur í ljós að lítil sem engin áhersla er lögð á þessa þætti í kennslu.

Framangreind próf hafa hlotið töluverða gagnrýni á undanförunum árum, meðal annars út frá því að ekki sé verið að prófa nemendur í þeim þáttum sem mestu skipta, að prófin séu ekki í samræmi við áherslur í aðalnámskrá og að prófspurningarnar sjálfar séu óskýrar og jafnvel beinlínis rangar.

Við athugun á prófum sem lögð voru fyrir árin 2013, 2014 og 2015 verður ekki annað séð en að sú gagnrýni sem fram hefur komið sé að töluverðu leyti á rökum reist.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Fræðilegur hluti	8
2.1 Almennt um námsmat.....	8
2.2 Samræmt námsmat í grunnskólum	10
2.3 Stöðluð próf og skimunarpróf í grunnskóla.....	10
2.4 Samræmd könnunarpróf	11
2.5 Réttmæti og áreiðanleiki námsmats og prófniðurstaðna	12
2.6 Námsmat í íslensku.....	12
3 Gagnakafli	14
3.1 Framkvæmd.....	14
3.2 Samræmd könnunarpróf í íslensku - 4. bekkur.	14
3.2.1 Almennt um prófið	14
3.2.2 Málnotkunarhluti samræmdra könnunarprófa í íslensku í 4. bekk árin 2013, 2014 og 2015	15
3.2.3 Kennsluáætlanir.....	17
3.3 Samræmd könnunarpróf í íslensku - 7. bekkur.	17
3.3.1 Almennt um prófið	17
3.3.2 Málnotkunarhluti samræmdra könnunarprófa í íslensku í 7. bekk 2013, 2014 og 2015	18
3.3.3 Kennsluáætlanir.....	20
3.4 Samræmd könnunarpróf í íslensku - 10. bekkur.	21
3.4.1 Almennt um prófið	21
3.4.2 Málnotkunarhluti samræmdra könnunarprófa í 10. bekk 2013, 2014 og 2015	22
3.4.3 Kennsluáætlanir.....	25
4 Umfjöllun og gagnrýni um samræmd könnunarpróf í íslensku	27
5 Villur í samræmdum könnunarprófum	31
6 Samantekt á niðurstöðum	34
7 Lokaorð	36
Heimildaskrá	38

Formáli

Ég vil koma á framfæri þökkum til þeirra sem studdu mig við gerð þessarar ritgerðar. Sérstakar þakkir fær Ásgrímur Angantýsson, leiðbeinandi minn, fyrir afar ánægjulegt samstarf og góða leiðsögn.

Guðmundu Völu Jónasdóttur þakka ég ómældan stuðning og aðstoð sem og hvatningu meðan á skrifum stóð. Stefáni Boga Sveinssyni og Sveini Herjólfssyni þakka ég góðar ábendingar og yfirllestur.

Síðast en ekki síst vil ég þakka fjölskyldu minni sem og Soffíu Pétursdóttur, aðstoðina sem og ómældan stuðning og þolinmæði á meðan á skrifum þessarar ritgerðar stóð.

Þetta lokaverkefni er samið af mér, undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Egilsstaðir, _____. _____ 20__

1 Inngangur

Meginviðfangsefni þessarar rannsóknar er að kanna að hvaða marki verið er að prófa í „réttu máli og röngu“ eða „góðu og vondu“ á samræmdum könnunarprófum í íslensku og hvert vægi slíkra prófverkefna hefur verið í 4. 7. og 10. bekk. Vægi þessa matsþátar var borið saman við kennsluáætlanir úr tuttuguogátta grunnskólum landsins sem valdir voru af handahófi. Einnig var hugað að villum í prófspurningunum og þær ígrundaðar. Gagnaöflun fór fram með skoðun samræmdu prófanna í íslensku í 4. 7. og 10. bekk frá árunum 2013, 2014 og 2015 og lauslegum samanburði við kennsluáætlanir.

Viðfangsefnið var skoðað með eftirfarandi rannsóknarspurningar í huga:

- 1) *Að hvaða marki er prófað í réttu máli og röngu á samræmdum prófum í íslensku og hvert er vægi slíkra prófverkefna í 4., 7. og 10. bekk?*
- 2) *Hvers konar úrlausnarefni er um að ræða og úr hvaða málarsatriðum er einkum prófað?*
- 3) *Hvaða vísbendingar er að finna í kennsluáætlunum grunnskóla um að rétt mál og rangt og þjálfun í að greina þar á milli sé á dagskrá í íslenskukennslu?*
- 4) *Hvert er vægi villna í spurningum prófanna og í hverju felast þær?*

Í fræðilegum hluta ritgerðarinnar er farið yfir skilgreiningu á hugtakinu námsmat. Einnig er farið yfir hvernig samræmd könnunarpróf nýtast við námsmat og fjallað er um réttmæti og áreiðanleika prófanna og niðurstaðna úr þeim. Í gagnakafla er farið yfir uppsetningu, framlagningu og innihald samræmdra könnunarprófa í íslensku fyrir 4., 7. og 10. bekk árin 2013, 2014 og 2015 og vægi spurninga um rétt og rangt mál borið saman við áherslur í kennsluáætlunum. Í kaflanum umfjöllun og gagnrýni um samræmd könnunarpróf í íslensku er skoðuð sú gagnrýni og umfjöllun sem birst hefur um prófin með hliðsjón af þeim spurningum sem ígrundaðar eru í þessu verkefni og kannað hvernig hún kemur heim og saman við þau atriði sem fram hafa komið í fræðilega hlutanum hér á undan. Skoðaðar voru greinar í fréttamiðlum og viðtöl við einstaklinga sem sagt hafa skoðanir sínar á samræmdum prófum í íslensku. Í kaflanum þar á eftir er fjallað um þær villur sem leynst hafa í prófunum. Í samantekt og niðurstöðum er reynt að svara þeim rannsóknarspurningum sem lagðar voru fyrir í upphafi ritgerðarinnar. Lokaorðin byggja á samantekt höfundar.

2 Fræðilegur hluti

Í þessum kafla verður farið yfir fræðilegan grunn verkefnisins. Byrjað verður á að fjalla um námsmat, bæði almennt og samræmt námsmat. Þá verður umfjöllun um próf, stöðluð og skimunarpróf ásamt samræmdum prófum auk þess sem réttmæti og áreiðanleiki verða til umfjöllunar. Að lokum verður fjallað um námsmat í íslensku.

2.1 Almennt um námsmat

Hugtakið námsmat vísar yfirleitt til öflunar upplýsinga um námsárangur og framvindu náms einstakra nemenda. Námsmat hefur verið ástundað frá upphafi kennslu á Íslandi þó það hafi ekki verið með sama sniði og við þekkjum það í dag (Ingvar Sigurgeirsson, 1999). Eins og fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) er námsmat reglubundinn þáttur og jafnframt ómissandi í skólastarfi. Með því fá kennarar, nemendur, foreldrar og forráðamenn, viðtökuskólar og skólayfirvöld góða sýn yfir stöðu nemenda, bæði hvað námshæfni þeirra, vinnubrögð og bætingu varðar. Meðal markmiða með námsmati er að meta hvernig einstaka nemendum og hópum gengur að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fram í hæfniviðmiðum aðalnámskrár (2013). Megintilgangur þess er því að hvetja nemendur til þess að bæta sig og halda áfram að stunda nám sitt af krafti. Á þennan hátt eru kennarar að nálgast alla nemendur sína betur (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Með námsmati fær kennarinn góða yfirsýn yfir stöðu nemenda sinna og getur þar af leiðandi metið hverjir það eru sem þurfa á frekari aðstoð eða örvun að halda. Á bak við hugtakið námsmat eru margar aðferðir sem nýtast til þess að fá upplýsingar um stöðu, árangur og framfarir hópa og einstakra nemenda (Erna Ingibjörg Pálsdóttir, 2011).

Kennarar þurfa að nýta þær upplýsingar sem námsmatið gefur þeim á þann hátt að nemandinn njóti góðs af og fái tækifæri til að bæta sig. Hægt er að nota fjölbreyttar aðferðir til þess að meta nám og er mikilvægt að allir sem koma að nemandanum séu samstíga og skilji niðurstöður og tilgang matsins. Námsmat þarf að endurspeglar þær áherslur sem lagðar eru í kennslu og er mikilvægt að kennslan sé í takt við þau hæfniviðmið sem koma fram í aðalnámskrá grunnskóla - greinasvið (2013).

Meta skal hæfni nemenda innan hvers námssviðs og skal það byggja á grunnþáttum í menntun og áherslum sem koma fram í lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Slík hæfni er kölluð lykilhæfni og eru viðmið sameiginleg innan allra námssviða. Það sem

Öll námssviðin eiga sameiginlegt er í fyrsta lagi hæfni nemenda til þess að geta tjáð tilfinningar sínar, hugsanir og skoðanir skriflega, munnlega og með öðrum hætti. Í öðru lagi að geta nýtt sér skapandi hugsun og frumkvæði í úrvinnslu og efnistöðum, m.a. að geta dregið ályktanir, beitt gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu. Í þriðja lagi að geta unnið sjálfstætt, undir leiðsögn og með öðrum. Í fjórða lagi að geta nýtt sér fjölbreytta miðla í leit að nýrri þekkingu, úrvinnslu og miðlun. Í fimmta og síðasta lagi að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og geti lagt mat á það sem þau hafa verið að vinna að og hvernig það gekk (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Samkvæmt Gronlund (2003) er samþætting kennslu og námsmats mikilvæg og þarf kennari þá að gera ráð fyrir námsmati á sama tíma og hann útbýr kennsluáætlun. Vel ígrundað námsmat nýtist kennara vel við áframhaldandi skipulag og markmiðssetningu í kennslunni, byggða á fyrirliggjandi gögnum.

Mikilvægt er að upplýsingar námsmats stuðli að raunhæfu sjálfsmati nemenda, séu réttlátar, trúverðugar og heiðarlegar. Því þarf að horfa á tvo þætti sem miða að þeim nemanda sem á í hlut. Annars vegar miðað við eigin forsendur nemanda og hins vegar samanburð við jafningja hans (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Til eru nokkrar tegundir námsmats sem líkjast samræmdum prófum á einhvern hátt eins og þau eru í dag eða eins og þau voru áður fyrr. Stöðumat er dæmi um mat sem tengist prófunum eins og þau eru í dag. Það fer þannig fram að kennari metur nemendur sína áður en hann skipuleggur viðfangsefni kennslunnar. Þetta getur hann nýtt til þess að sjá hvort nemendur geti notað þá færni sem til þarf í verkefninu sem kennarinn er að fara að skipuleggja. Þær aðstæður geta komið upp að kennari þurfi að endurskipuleggja þá kennslu sem hann hafði í huga vegna útkomunnar. Stöðumat er ein tegund námsmats sem svipar til með samræmdum prófum. Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir í upphafi annar þar sem þau eru hugsuð sem ákveðin leiðrétting varðandi áherslur í kennslu og þ.a.l. má líta á þau sem ákveðið stöðumat (Gronlund, 2003).

2.2 Samræmt námsmat í grunnskólum

Eins og lög um grunnskóla nr. 91/2008 kveða á um fer samræmt námsmat fram í öllum grunnskólum landsins ár hvert og stendur Mennta- og menningarmálaráðuneyti fyrir því og sér um framkvæmd þess. Allir nemendur í 4. og 7. bekk taka samræmt könnunarpróf í íslensku og stærðfræði og nemendur í 10. bekk taka samræmt könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Tilgangur samræmdra könnunarprófa samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 435/2009 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa er að:

- a. athuga eftir því sem kostur er, að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð,*
- b. vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur,*
- c. veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda,*
- d. veita upplýsingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins.*

Niðurstöðum prófanna er samkvæmt þessu ætlað að gefa upplýsingar um námsstöðu og námsárangur nemenda og vera leiðbeinandi varðandi áframhaldandi nám þeirra.

2.3 Stöðluð próf og skimunarpróf í grunnskóla

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2013) eiga allir skólar að hafa aðgang að greinandi prófum og öðrum matstækjum sem hjálpa til við að bjóða upp á námsefni sem hentar hverjum og einum nemanda. Dæmi um stöðluð próf eru lesskimunarpróf, málþroskapróf og lestrarpróf, en þau eiga að spá fyrir um mögulega námsörðugleika. Mikilvægt er að þessi próf séu lögð fyrir snemma á skólagöngunni þannig að hægt sé að grípa inn í strax ef einhverjir erfiðleikar greinast. Auknar líkur eru þá á að hægt sé að nýta skipulagðar aðgerðir til þess að vinna á þeim.

Þrátt fyrir að samræmd próf flokkist ekki sem stöðluð próf má að mörgu leyti líkja þeim saman. Oft er horft á niðurstöður samræmdra prófa og þær túlkaðar á sama hátt og stöðluð próf eru túlkuð (Einar Guðmundsson, 2005). Það sem aðskilur stöðluð próf og samræmd próf er m.a. að horft er á meðaleinkunnir samræmdra prófa og gæði skóla gjarnan metin út frá þeim. Þó eru aðrir þættir sem hafa áhrif á námsárangur nemenda svo sem félags- og menningarlegur bakgrunnur þeirra. Einnig eru niðurstöður prófanna bornar saman við niðurstöður fyrri ára (Sigurgrímur Skúlason, Finnboði Gunnarsson og Rósa Einarsdóttir, 2005). Í prófunum svara nemendur ekki einungis sömu spurningum heldur fá þeir sömu leiðbeiningar og sama tíma til úrvinnslu. Stöðluð próf eru hönnuð með þeim hætti að mikill fjöldi nemenda getur þreytt prófin innan ákveðins svæðis, lands eða jafnvel fleiri landa (Siefert og Sutton, 2009 bls. 277).

2.4 Samræmd könnunarpróf

Árið 1977 var upphafsár samræmdra prófa á Íslandi eins og við þekkjum þau í dag og var fyrst prófað í íslensku og stærðfræði. Þá var að baki aldalöng umræða um próf, námsmat og samræmda mælikvarða á nám og kennslu (Ólafur J. Proppé, 1999). Árið 1996 voru tekin upp samræmd próf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk líkt og kveðið var á um í lögum um grunnskóla nr. 66/1995. Samræmd próf eru mælitæki sem hafa þann tilgang að gefa nemandanum, skólanum og foreldrum upp stöðu nemandans í þeirri grein sem prófað er í. Þau eiga að endurspegla það námsefni sem unnið er með og þær áherslur sem koma fram í Aðalnámskrá grunnskóla. Einnig leggja þau að vissu leyti mat á kerfið í heild sinni (Erna Ingibjörg Pálsdóttir, 2011). Prófin hafa lengi verið mjög umdeild (Rúnar Sigbórsson, 2008) en formælendur þeirra hafa haldið því fram að þau séu nauðsynlegt aðhald og kjölfesta í starfi skólanna. Með því er haldið fram að þau gefi nemendum, foreldrum þeirra, kennurum skólanna og framhaldsskólum mikilvæga sýn á það hvernig nemendur standa námslega.

2.5 Réttmæti og áreiðanleiki námsmats og prófniðurstaðna

Í vönduðu námsmati eru réttmæti og áreiðanleiki veigamiklir þættir sem huga þarf vel að. Þessir þættir varpa ljósi á með hvaða hætti námsmatið færir okkur þær upplýsingar sem leitað er eftir og hvort matsniðurstöður eru rétt túlkaðar. Með áreiðanleika má greina hversu stöðugar og nákvæmar matsniðurstöðurnar eru. Það felur í sér að álíka niðurstöður ættu að fást ef matið væri endurtekið síðar og við aðrar aðstæður af sama eða öðrum kennara. Réttmæti matsniðurstaðna vísar hinsvegar til þess hvort matið mælir eða metur það sem því er ætlað og sýnir hversu viðeigandi, traustar og merkingarbærar ályktanir kennarar geta dregið af niðurstöðum. Það er mikilvægt að matsniðurstöður séu stöðugar og samanburðarhæfar við aðrar niðurstöður þannig að þær sýni námsframvindu nemandans í réttu ljósi (Erna Ingibjörg Pálsdóttir, 2011, bls. 11).

Þegar fjallað er um áreiðanleika í próffræði er nálgunin út frá tölfræði og felur í sér mælingu áreiðanleika á kvarðanum 0 til 1. Stöðugleiki í niðurstöðum er enginn ef áreiðanleiki er 0 en ef hann er 1 fengjust nákvæmlega sömu niðurstöður ef nemandi yrði prófaður aftur. Því er æskilegast að áreiðanleiki sé nálægt einum, 0,8 væri raunhæft viðmið. Viðmið þessi gilda einungis um stöðluð próf eins og samræmd könnunarpróf, en gera má ráð fyrir að í almennum skólaprófum sé áreiðanleikinn mun minni heldur en í þessum prófum. Aðferðir til að reikna út áreiðanleika miða allar að því að meta samræmi í niðurstöðum, annað hvort innan sama prófs eða milli prófa. Algengast er að skoða samræmi innan ákveðinna eininga á sama prófi en sá kostur fylgir því að einungis þarf að semja eitt próf og ekki þarf að prófa einstakling oft (Amalía Björnsdóttir, 1999). Réttmæti er byggt á forsendum áreiðanleika en tryggir það ekki. Þó mat mæli ekki það sem því er ætlað getur það engu að síður verið áreiðanlegt. Fullkomlega réttmætar niðurstöður eru ekki til, heldur er réttmæti þeirra mismikið (Erna Ingibjörg Pálsdóttir, 2011).

2.6 Námsmat í íslensku

Í aðalnámskrá grunnskóla (2013) kemur fram að öflug þekking á móðurmáli sé meginstoð góðrar menntunar. Þar kemur einnig fram hvaða hæfni í íslensku nemendur þurfa að öðlast á grunnskólagöngu sinni. Námsgreinin íslenska samanstendur af töluðu máli, hlustun og áhorfi, lestri og bókmenntum, ritun og málfræði.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2013) felst námsmat í íslensku í því að kanna stöðu nemenda, nota niðurstöðurnar til þess að stýra þeim rétta leið í gegnum námið og laga kennsluna að þeirra þörfum. Námsmatið á að koma inn á hæfniviðmið aðalnámskrár og skólanámskrár. Gæta þarf þess að nemandinn viti hvað verið er að meta og hvenær (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

3 Gagnakafli

3.1 Framkvæmd

Í þessum kafla er skoðað að hvaða marki prófað er í „góðu“ máli á samræmdum könnunarprófum í íslensku og hvert er vægi slíkra prófverkefna í 4. 7. og 10. bekk. Til að nálgast þessar upplýsingar voru skoðuð samræmd könnunarpróf í íslensku í 4. 7. og 10. bekk frá árunum 2013, 2014 og 2015.

Einnig voru skoðaðar kennsluáætlanir tuttuguogátta grunnskóla sem valdir voru handahófskennt úr lista yfir alla grunnskóla landsins. Ef kennsluáætlanir skólanna voru ekki aðgengilegar á netinu var næsti skóli í stafrófsröðinni skoðaður og þannig koll af kalli þar til tuttuguogátta skólar voru komnir í úrtakið. Einnig voru kennsluáætlanir bekkja innan skólans valdar handahófskennt og voru að meðaltali skoðaðar átján kennsluáætlanir úr hverjum grunnskóla. Við skoðun kennsluáætlananna var leitast við að finna vísbendingar um áherslur á rétt og rangt mál og hvort einhver vinna í að greina þar á milli væri á dagskrá í íslenskutímum.

Gagnrýni sem birst hefur, sem og umfjöllun um samræmdu prófin í íslensku síðustu þrjú ár, var einnig skoðuð með það í huga að reyna að svara þeim spurningum sem ígrundaðar eru í þessu verkefni og um leið að reyna að styðja við þau atriði sem fram hafa komið í fræðilega hlutanum hér að framan. Skoðaðar voru greinar í fréttamiðlum og viðtöl við einstaklinga sem sagt hafa skoðanir sínar á samræmdum prófum í íslensku.

Einnig var hugað að nokkrum villum í spurningum prófanna sem bent hefur verið á í fjölmiðlum og samskiptamiðlum og skoðað hvers eðlis þær eru.

3.2 Samræmd könnunarpróf í íslensku - 4. bekkur.

3.2.1 Almennt um prófið

Árið 2013 var samræmt könnunarpróf í íslensku (Námsmatsstofnun, 2013a og 2013b) lagt fyrir nemendur í 4. bekk fimmtudaginn 26. september. Prófinu var skipt á milli fjögurra námsþátta en þeir voru lesskilningur, stafsetning, málnotkun og ritun. Vægi hvers þáttar var misjafnt eftir hlutum, hlutfall stafsetningar var 15%, fjöldi prófverkefna 1 og prófatriði

16. Vægi lesskilnings var 50%, fjöldi prófverkefna 4 og prófatriði 40. Vægi málnotkunar var 25%, fjöldi prófverkefna 2 og prófatriði 16. Vægi ritunar var 10% og var einungis eitt ritunarverkefni. Þegar prófið var samið var tekið mið af eldri aðalnámskrá grunnskóla (2007) og miðaðist efni prófsins fyrst og fremst við þær námskröfur sem settar voru fyrir 1.–3. bekk. Prófað var í stafsetningu með þeim hætti að nemendur skrifuðu 16 orð eftir upplestri. Prófað var í lesskilningi og lásu nemendur stutta texta og svöruðu þar á eftir 10 fjölvalsspurningum um innihald hvers texta fyrir sig. Í málnotkunarhlutanum var komið inn á þekkingu nemenda á andheitum og/eða samheitum, samsettum orðum og málfarsbeitingu. Að lokum fól ritgerðarverkefnið í sér að nemendur skrifuðu sögu út frá mynd sem þeir fengu. Lesskimunin skiptist niður í fimm verkefni sem snertu hljóðvitund og málproska. Nemendur unnu eftir upplestri af geisladiski og voru verkefnin myndaleikur, orðaleikur, setningaleikur, leikur að andstæðum og stafaleikur. Prófinu var skipt niður í tvær 60 mínútna lotur og leystu nemendur eitt prófhefti í hvorri lotu. Lesskimunin var lögð fyrir utan hefðbundins prófatíma og gátu kennarar valið tíma til að leggja það fyrir frá mánudegi til miðvikudags í prófavíkunni (Námsmatsstofnun, 2013f).

Árin 2014 og 2015 voru samræmdu könnunarprófin (Námsmatsstofnun, 2014a og 2014b)(Námsmatsstofnun, 2015a og 2015b) með nákvæmlega sama sniði og prófið frá árinu 2013. Árið 2014 var prófið lagt fyrir nemendur fimmtudaginn 26. september og fimmtudaginn 25. september árið 2015. Þó var sú breyting á árið 2015 að tekið var mið af nýrri aðalnámskrá grunnskóla (2013). Einnig varð sú breyting það árið að ekki var lögð fyrir lesskimun. Útbúin voru lesskimunarpróf fyrir 1.–4. bekk og mögulegt er að verkefni úr lesskimunarprófinu verði nýtt í framtíðinni (Námsmatsstofnun, 2015f).

3.2.2 Málnotkunarhluti samræmdra könnunarprófa í íslensku í 4. bekk árin 2013, 2014 og 2015

Í samræmdu könnunarprófunum í íslensku sem lögð voru fyrir 4. bekk árin 2013, 2014 og 2015 var vægi málnotkunar 25%. Málnotkunarhluti prófanna sneri m.a. að því að meta færni nemenda í samheitum, andheitum, samsettum orðum, eyðufyllingum, orðskilningi, sérnöfnum, kyni og fallbeygingu (Námsmatsstofnun, 2013f). Í prófunum var ekki að finna neinar spurningar þar sem spurt var beint um gott og vont mál. Hins vegar voru nokkrar

spurningar sem innihéldu eyðufyllingar þar sem nemendur áttu að velja hvaða orð passaði best inn í setninguna af fjórum valmöguleikum. Í prófunum árin 2013 og 2014 var ein eyðufyllingarspurning í hvoru prófi fyrir sig. Í prófinu árið 2015 voru hins vegar tvær spurningar af þeim toga. Þess má geta að einungis átta spurningar voru undir heitinu málnotkun og voru þá tvær af þeim eyðufylling þar sem nemendur áttu að geta ákvarðað hvaða orð ætti heima í þeirri setningu sem gefin var upp.

Dæmi um eyðufyllingarspurningar úr samræmdu prófi í 4. bekk árin 2014 og 2015:

17. Merktu við orðið sem passar í setninguna

Ég fór til ? í gær.

- 1) Dagný Mjöll
- 2) Dagnýjar Mjallar
- 3) Dagnýjar Mjöllar
- 4) Dagnýju Mjöll (Námsmatsstofnun, 2014a).

Í þessari spurningu er verið að leita eftir viðurkenndum eignarfallsmyndum tveggja sérnafna sem standa saman. Rétt svar er valmöguleiki 2) *Dagnýjar Mjallar* (Námsmatsstofnun, 2014g).

17. Foreldrarnir sóttu ? sínar?

Hvaða orð passar á strikið?

- 1) barn
- 2) börn
- 3) dóttur
- 4) dætur (Námsmatsstofnun, 2015a).

Í þessari spurningu er verið að leita eftir fallorði sem samræmist kyni, tölu og falli afturbeygða eignarfnafnsins sínar. Rétt svar er valmöguleiki 4) *dætur* (Námsmatsstofnun,2015f),

3.2.3 Kennsluáætlanir

Af þeim tuttuguogátta skólum sem voru í úrtakinu voru átján teknir til athugunar varðandi kennsluáætlanir fyrir 1.–4. bekk. Þar mátti sjá að megináhersla var á að æfa nemendur í lestri, ritun, framsögn, skrift og málfræði. Málfræðin innihélt þætti á borð við stafrófið, sérhljóða og samhljóða, að flokka orð eftir kyni og tölu, samsett orð, andheiti, samheiti og þekkingu nemenda á algengum orðflokkum eins og t.d. nafnorðum, lýsingarorðum og sagnorðum.

Ekki var að finna neinar vísbendingar um að áhersla hafi verið lögð á þá þætti sem verið var að prófa úr hvað varðar rétt og rangt mál og eyðufyllingar.

3.3 Samræmd könnunarpróf í íslensku - 7. bekkur.

3.3.1 Almennt um prófið

Árið 2013 var samræmda könnunarprófið í íslensku (Námsmatsstofnun 2013a og 2013b) lagt fyrir nemendur í 7. bekk fimmtudaginn 26. september. Prófinu var skipt á milli fjögurra námsþátta en þeir voru stafsetning, lestur, málnotkun og ritun. Vægi hvers þáttar var misjafnt eftir hlutum og var hlutfall stafsetningar 15%, fjöldi prófhluta 1 og prófatriði 20. Vægi lesturs var 40%, var fjöldi prófhluta 5 og prófatriði 42. Vægi málnotkunar/málfræði var 35%, fjöldi prófverkefna 2 og prófatriði 20. Vægi ritunar var loks 10% og var einungis eitt ritunarverkefni. Þegar prófið var samið var tekið mið af eldri aðalnámskrá grunnskóla (2007) og miðaðist efni prófsins fyrst og fremst við námskröfur í 4.–6. bekk. Prófað var í stafsetningu með þeim hætti að nemendur fylltu í eyður með 20 orðum eftir upplestri. Lestrarhlutinn var í formi lesskilningsprófs og lásu nemendur stutta texta og svöruðu þar á eftir 10 fjölvalsspurningum um innihald hvers texta fyrir sig. Í málnotkunar-/málfræðihluta prófsins var komið inn á orðskilning nemenda og þekkingu

þeirra, t.d. á orðmyndun, orðflokkgreiningu, sagnorðum, lýsingarorðum, nafnorðum, fallbeygingu og rétttri notkun málsins. Að lokum fól ritgerðarverkefnið í sér að nemendur skrifuðu frásögn út frá mynd. Prófinu var skipt niður í tvær 70 mínútna lotur og leystu nemendur eitt prófhefti í hvorri lotu og svöruðu fjölvalsspurningunum á þar til gert svarblað sem fylgdi með (Námsmatsstofnun, 2014f).

Árin 2014 og 2015 voru samræmdu könnunarprófin (Námsmatsstofnun, 2014a og 2014b)(Námsmatsstofnun, 2015a og 2015b) með nákvæmlega sama sniði og prófið frá árinu 2013. Árið 2014 var prófið lagt fyrir nemendur fimmtudaginn 26. september en fimmtudaginn 25. september árið 2015. Áfram fengu nemendur sömu tímamörk til að leysa prófið og árið áður (Námsmatsstofnun, 2014f og 2015f). Árið 2015 var tekið mið af nýrri aðalnámskrá grunnskóla (2013) og miðaðist efni prófsins fyrst og fremst við þær námskröfur sem settar voru fyrir 5.–7. bekk (Námsmatsstofnun, 2014f).

3.3.2 Málnotkunarhluti samræmdra könnunarprófa í íslensku í 7. bekk 2013, 2014 og 2015

Í samræmdu könnunarprófunum í íslensku sem lögð voru fyrir 7. bekk árin 2013, 2014 og 2015 var að finna dæmi um spurningar sem kanna áttu þekkingu nemenda á góðu og vondu máli og eyðufyllingar þar sem nemendur áttu að velja það orð sem rétt væri að setja inn í setningu sem gefin var upp. Alls voru 20 prófatriði í hverju prófi sem könnuðu málnotkun nemenda, vægi þessa þáttar var 35% af heildarefni prófsins. Þar er m.a. verið að prófa í málfræði, orðskilning, orðflokkgreiningu. Í prófinu sem lagt var fyrir árið 2013 var ein spurning þar sem nemendur þurftu að fylla í eyðu en engin spurning fjallaði um gott eða ekki gott mál. Í prófinu frá árinu 2014 var ein spurning sem fjallaði um vont mál og ein þar sem nemendur þurftu að fylla í eyðu. Í prófinu frá árinu 2015 var enn að bætast við þessa tegund spurninga og voru þá tvær spurningar sem leituðu eftir þekkingu á réttu og röngu máli og ein þar sem nemendur þurftu að fylla í eyðu.

Dæmi um spurningar af þessu tagi sem finna má í prófinu:

23. Ég vona að vindinn ? með kvöldinu.

1) lagi

2) lægi

3) *læggi*

4) *læi* (Námsmatsstofnun, 2014c).

Í þessari spurningu er verið að leita eftir þekkingu nemenda á stafsetningu sagnarinnar *lægja* í viðtengingarhætti nútíðar. Rétt svar er valmöguleiki 3) *lægi* (Námsmatsstofnun, 2014h).

30. Hvaða málsgrein telst ekki gott mál?

1) *Ein milljón hefur safnast að öllu meðtöldu.*

2) *Ekki hlæja að hundinum, hann er spéhræddur.*

3) *Lögreglukonurnar leituðu af sér allan grun*

4) *Systur mínar leituðu sér af íbúð í haust* (Námsmatsstofnun, 2014c).

Í þessari spurningu er verið að prófa færni nemenda í að þekkja það sem talið er gott mál frá miður góðu. Rétt svar er valmöguleiki 4) *Systur mínar leituðu sér af íbúð í haust* (Námsmatsstofnun, 2014h).

27. Hvað telst gott mál?

1) *Hildur langar í bolta*

2) *Honum vantar vettlinga*

3) *Jón hlakkar til vorsins*

4) *Þá kvíðir fyrir snjónum* (Námsmatsstofnun, 2015c).

Í þessari spurningu er verið að leita eftir mati nemenda á fallnotkun með sögnum sem taka með sér skynjendafrumlög (*langa, vanta, hlakka og kvíða*). Rétt svar er valmöguleiki 3) *Jón hlakkar til vorsins* (Námsmatsstofnun, 2015g).

28. Hvað telst gott mál?

1) *Ég er dóttir Magnúsar og Hróðnýjar*

2) *Ég er dóttir Magnúsar og Hróðnýju*

3) *Ég er dóttir Magnúss og Hróðnýjar*

4) *Ég er dóttir Magnúss og Hróðnýjar* (Námsmatsstofnun, 2015c).

Í þessari spurningu er verið að leita eftir þekkingu nemenda á viðurkenndum eignarfallsmyndum nafnanna *Magnús og Hróðný*. Rétt svar er valmöguleiki 1) *Ég er dóttir Magnúsar og Hróðnýjar* (Námsmatsstofnun, 2015g).

3.3.3 Kennsluáætlanir

Af þeim tuttuguögátta skólum sem voru í úrtakinu voru átján teknir til athugunar varðandi kennsluáætlanir fyrir 5.–7. bekk. Þar mátti sjá að megináherslan var á að æfa nemendur í stafsetningu, ritun, lestri, framsögn og málfræði. Í því síðast nefnda var áhersla lögð á orðflokka, stigbreytingu lýsingarorða, nafnhátt sagnorða, kyn tölu og fall orða, nútíð og þátíð sagna og málshætti og orðtök.

Miðað við niðurstöður þessarar athugunar eru engar vísbendingar um að áhersla hafi verið lögð á að kenna nemendum að þekkja muninn á góðu og miður góðu máli, sem er engu að síður prófþáttur á samræmdu könnunarprófunum. Eins var hvergi að finna beinar vísbendingar um að nemendur hafi verið æfðir í eyðufyllingarverkefnum sem einnig voru hluti af prófunum þótt hæpið sé að álykta mikið út frá kennsluáætlunum sjálfum í þeim efnum.

3.4 Samræmd könnunarpróf í íslensku - 10. bekkur.

3.4.1 Almennt um prófið

Árið 2013 var samræmt könnunarpróf í íslensku (Námsmatsstofnun, 2015a og 2015b) lagt fyrir nemendur í 10. bekk fimmtudaginn 26. september. Prófið samanstóð af fjórum námsþáttum en þeir voru málfræði, bókmenntir, lestur og ritun. Vægi hvers þáttar var misjafnt. Hlutfall málfræðinnar var 25% og fjöldi prófatriða 25. Vægi lesturs og bókmennta var 55%, fjöldi prófverkefna 5 og prófatriði 55. Vægi ritunar var 20% og var einungis eitt ritunarverkefni sem var í öðru prófhefti (Námsmatsstofnun, 2013). Þegar prófið var samið var tekið mið af eldri aðalnámskrá grunnskóla (2007) og miðaðist efni prófsins fyrst og fremst við þau markmið og áherslur sem hún kveður á um varðandi þá þætti sem prófaðir eru í íslensku. Málfræðihlutinn miðast við þau markmið sem eldri aðalnámskrá (2007) setur varðandi beitingu og þekkingu á málfræðihugtökum í 8. og 9. bekk. Megináhersla er lögð á skilning og þekkingu á almennri málnotkun. Lestur og bókmenntir leggja áherslu á skilning nemenda á texta og gagnrýnið hugarfar gagnvart honum. Fram voru settir fjölbreyttir textar og áttu nemendur að þekkja notagildi þeirra, hlutverk og bókmenntafræðileg einkenni þeirra. Ritunin fór þannig fram að nemendur skrifuðu eitt ritunarverkefni og þurftu að fjalla um skoðun sína á tilgreindu málefni og geta fært rök fyrir henni. Nemendur höfðu mikið frelsi til þess að taka efnislega á viðfangsefninu og skrifa það sem þeim lá á hjarta. Ritunarverkefnið miðaðist við eina skrifaða blaðsíðu sem nemendur fengu í hendur. Próftími var 3 klukkustundir og nemendur fengu ekkert hlé (Námsmatsstofnun, 2013f).

Árin 2014 og 2015 voru samræmdu könnunarprófin í íslensku (Námsmatsstofnun, 2014a og 2014b)(Námsmatsstofnun, 2015a og 2015b) með nákvæmlega sama sniði og prófið frá árinu 2013. Árið 2014 var prófið lagt fyrir nemendur fimmtudaginn 26. september en fimmtudaginn 25. september árið 2015. Árið 2014 var áfram unnið út frá eldri aðalnámskrá (2007) og fengu nemendur sömu tímamörk til að leysa prófið og árið áður (Námsmatsstofnun, 2014f). Árið 2015 var tekið mið af nýrri aðalnámskrá grunnskóla

(2013) og miðaðist efni prófsins fyrst og fremst við þær námskröfur sem settar voru fyrir 8.–10. bekk (Námsmatsstofnun, 2015f).

3.4.2 Málnotkunarhluti samræmdra könnunarprófa í 10. bekk 2013, 2014 og 2015

Í samræmdum könnunarprófum sem lögð voru fyrir 10. bekk árin 2013, 2014 og 2015 var enn meira um spurningar sem meta færni nemenda í að greina gott eða ekki gott mál en hjá 4. og 7. bekk á þessu sama árabili. Vægi málfræði í prófunum var 25%

(Námsmatsstofnun, 2013f). Málfræðihluti prófanna sneri að því að meta orðskilning nemenda og færni þeirra í orðflokkgreiningu, föllum orða, myndum og háttum sagna ásamt fleiru. Í málfræðihluta prófsins voru 10 spurningar af 25 sem kanna áttu þekkingu nemenda á góðu eða ekki góðu máli, og því voru 60% spurninga nýtt til að kanna alla aðra þætti málfræðinnar. Spurningum um gott og vont mál fór fjölgandi en árið 2015 hafði fjöldi spurninga af þessu tagi fjórfaldast frá árinu 2013. Þetta er um margt athyglisvert þar sem vægi þessa spurninga eykst verulega á tímabilinu á sama tíma og ekki er greinanleg aukning í áherslum í kennslu sbr. umfjöllun um kennsluáætlanir í næsta kafla. Árið 2013 var einungis tvær spurningar að finna um gott eða ekki gott mál og eina eyðufyllingarspurningu. Árið 2014 voru spurningar um gott eða ekki gott mál orðnar þrjár og áfram var ein eyðufyllingarspurning en í prófinu árið 2015 mátti finna alls tíu spurningar um ýmist gott eða vont mál en enga eyðufyllingarspurningu.

Dæmi um spurningar af þessu tagi eru:

75. Hvaða málsgrein telst gott mál?

V) *Framtíðarvonir hennar runnu út í sandinn þegar Björn var ráðinn.*

X) *Honum fannst nokkuð djúpt í bárana tekið.*

Þ) *Í ljós kom að það var víða í pottinn brotið.*

Æ) *Lögreglan sagði að skipulögð glæpastarfsemi hefði náð að skjóta niður fótum á Íslandi. (Námsmatsstofnun, 2013g).*

Í þessari spurningu er verið að leita eftir þekkingu nemenda á hefðbundinni notkun orðtaka. Rétt svar er valmöguleiki 1) *Framtíðarvonir hennar runnu út í sandinn þegar Björn var ráðinn.*

72. Hvað telst gott mál?

F) *Anna og Beta hafa reynst hver annarri vel.*

G) *Foreldrar verða að taka tillit til hvert annars.*

H) *Hvor bræðranna er sterkari?*

I) *Simmi og Bessi fylgjast grannt með hver öðrum*

(Námsmatsstofnun, 2014e).

Í þessari spurningu er verið að leita eftir færni nemenda í að þekkja tiltekna notkun fornafnanna *hvor/hver (annan)*. Rétt svar er valmöguleiki H) *Hvor bræðranna er sterkari?* (Námsmatsstofnun, 2014i) en þess má geta að rannsóknir hafa sýnt notkun fornafnasambanda af þessu tagi eru mjög á reiki í nútímamáli (sjá Höskuld Þráinsson o.fl. 2015, bls. 356–361).

77. Hvaða málsgrein telst ekki gott mál?

F) *Allt var gott af pólfaranum að segja.*

G) *Hlægjum ekki að hundinum því hann er spéhræddur.*

H) *Lögreglukonurnar leituðu af sér allan grun*

I) *Systur mínar leituðu sér af íbúð í haust*

(Námsmatsstofnun, 2014e).

Í þessari spurningu er verið að leita eftir færni nemenda í að þekkja muninn á því sem talið er gott mál og miður gott. Rétt svar („ekki gott mál“) er valmöguleiki 4) *Systur mínar leituðu sér af íbúð í haust* (Námsmatsstofnun, 2014i).

32. Hvað telst gott mál?

F) Frumvarp um að frestur á verkfalli undirmanna

á Herjólfri var samþykkt á Alþingi.

G) Hundraða er saknað eftir að ferja sökk seint í

gærkvöldi.

H) Það er mjög tæknilegs eðlis þetta skjal.

I) Það mátti lesa úr svip vitnisins að það hafði

farið með fleipur (Námsmatsstofnun, 2015e).

Í þessari spurningu er einnig verið að leita eftir færni nemenda í að þekkja það sem prófhöfundar telja gott mál. Rétt svar er valmöguleiki I) *Það mátti lesa úr svip vitnisins að það hafði farið með fleipur* (Námsmatsstofnun, 2015h). Það verður að teljast athyglisvert, vægast sagt, að dæmið með hinu ofur hversdagslega orðasambandi *í gærkvöldi* teljist ekki gott mál. Einföld leit að orðastrengnum „*kom í gærkvöldi*“ gefur u.þ.b. 182.000 niðurstöður á Google en „*kom í gærkvöld*“ skilar 6 niðurstöðum!

74. Hvað telst gott mál?

P) Henni syfjar alltaf yfir sjónvarpinu.

R) Honum syfjar alltaf yfir sjónvarpinu.

S) Mér syfjar alltaf yfir sjónvarpinu.

T) Mig syfjar alltaf yfir sjónvarpinu (Námsmatsstofnun, 2015e).

Í þessari spurningu er verið að leita eftir þekkingu nemenda á falli með sögninni “syfja”. Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor (Óðinn Jónsson, 2015) velti því fyrir sér á Facebook-síðu sinni hvort einhver skynsemi væri í því að prófa unglinga í þessu þar sem

Þessi sögn er lítið sem ekkert notuð í töluðu máli. Hann vísar því til stuðnings í vef Árnastofnunar (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, e.d.) en þar er að finna textasafn úr nútímamáli sem inniheldur 25 milljónir orða úr ritmáli, talmáli og formlegum og óformlegum textum. Í textasafninu koma einungis upp ellefu dæmi um orðið „syfja“, sem bendir til þess að það sé mjög lítið notað (Eiríkur Rögnvaldsson, 2015b). Rétt svar er valmöguleiki T) *Mig syfjar alltaf yfir sjónvarpinu.* (Námsmatsstofnun, 2015h).

78. Hvaða málsgrein telst ekki gott mál?

K) *Búið er að rannsaka málið til hlítar. Glæpur hefur verið framinn en enginn virðist sekur.*

L) *Gríðarleg aukning í sölu á sætum karteflum. Það hefur orðið algjör sprenging í þessum málaflokki.*

M) *Landsliðsmennirnir geisla af sjálfstrausti „Við erum efstir í okkar riðli sem stendur,“ sagði Heimir.*

N) *Verðfall á íslenskum tómtum. Vegna mikils framboðs fæst kílóíð nú á 370 krónur* (Námsmatsstofnun, 2015e).

Í þessari spurningu er einnig verið að leita eftir færni nemenda í að þekkja muninn á góðu og ekki góðu í máli. Rétt svar er valmöguleiki L) *Gríðarleg aukning í sölu á sætum karteflum. Það hefur orðið algjör sprenging í þessum málaflokki.* (Námsmatsstofnun, 2015h).

3.4.3 Kennsluáætlanir

Af þeim tuttuguogátta skólum sem voru í úrtakinu voru átján teknir til athugunar varðandi kennsluáætlanir fyrir 8.–10. bekk. Þar mátti sjá að megináherslan var á að æfa nemendur í að vinna með bókmenntir og ljóð, lestri, ritun og málfræði sem samanstóð m.a. af

orðhlutagreiningu, orðflokkagreiningu, ein- og tvíhljóðum, stafrófinu, fallhætti, beygingarmyndum orða og mörgu fleira.

Í þeim kennsluáætlunum sem skoðaðar voru var lítið að finna um beina kennslu í að þekkja rétt mál frá röngu. Þó var kveðið á um að taka ætti fyrir rétt og rangt mál í kennsluáætlunum þriggja 9. bekkja og eins 10. bekkjar í úrtakinu. Það bendir til þess að fjallað sé um þessa þætti í einhverjum mæli í íslenskukennslu.

4 Umfjöllun og gagnrýni um samræmd könnunarpróf í íslensku

Málfræðihluta samræmdra könnunarprófa í íslensku er m.a. ætlað að kanna þekkingu nemenda á góðu máli. Sá prófþáttur gengur út á að vege og meta hvað sé gott og hvað sé ekki gott mál. Samræmd próf í íslensku hafa sætt nokkurri gagnrýni og hefur Eiríkur Rögnvaldsson (Óðinn Jónsson, 2015), prófessor í íslensku við Háskóla Íslands verið einn þeirra sem gagnrýnt hefur málfræðihluta prófanna. Eiríkur er menntaður málfræðingur og hefur því einbeitt sér að þeim hluta prófanna. Hann telur að samræmd próf í íslensku séu ekki góð mælitæki á það sem virkilega skiptir máli, sem er raunveruleg færni nemenda og kunnátta þeirra í íslensku (Óðinn Jónsson, 2015). Hann segir að forsendur spurninga eigi að vera réttar og það komi málinu ekki við þó nemendur geti svarað rangt orðaðri spurningu (Eiríkur Rögnvaldsson, 2014). Hann er ósáttur við hversu mikil áhersla sé lögð á spurningar sem leitast eftir að nemendur þekki muninn á hvað sé gott mál og hvað rangt mál. Að mati Eiríks er ekki verið að mæla raunverulega færni og kunnáttu nemenda í málnotkunarhluta prófsins, heldur hvað þeir kunna ekki. Fram kemur hjá Eiríki að í samræmdu könnunarprófi í íslensku sem lagt var fyrir í 10. bekk árið 2015 voru 12 spurningar af 25 þar sem spurt var um gott og vont mál og rétt og rangt mál (Óðinn Jónsson, 2015). Dæmi um atriði sem spurt var um á prófinu þar sem leitað er eftir hvort nemendur þekki muninn á góðu eða ekki góðu máli er m.a. þágufallssýki, *hvor/hver annar*, sögnin að *vilja* í fyrstu persónu eintölu og fallnotkun með *langa* og *hlakka* (Námsmatsstofnun, 2015e). Að mati Eiríks er eins og verið sé að leggja gildir fyrir nemendur. Í stað þess að varpa ljósi á raunverulega færni þeirra og málkunnáttu sé einblínt á hver þekking þeirra sé á réttu og röngu máli (Anna Marsibil Clausen, 2014).

Í samræmda könnunarprófinu í íslensku sem lagt var fyrir 7. bekk árið 2015 voru undir fyrirsögninni málnotkun tuttugu spurningar og þrettán af þeim fjölluðu ekki um málnotkun heldur um málfræðilega greiningu. Dæmi um þesskonar prófspurningu:

24. Hér er margt skemmtilegt á boðstólum.

Hvernig er undirstrikaða orðið í karlkyni, fleirtölu, nefnifalli?

1) margar

2) margir

3) margur

4) mergð (Námsmatsstofnun, 2015c).

Eiríkur Rögnvaldsson (Óðinn Jónsson, 2015) prófessor, vekur athygli á því í viðtali við Morgunvaktina á Rás 2 (Óðinn Jónsson, 2015) að þessi hluti prófsins segi mjög lítið um málnotkun barnanna og finnst prófin ekki falla að hæfniviðmiðum aðalnámskrár (2013) hvorki fyrir 7. né 10. bekk. Hann efast þó ekki um að þessi próf hafi gott forspárgildi.

„Góðir nemendur þeir læra það sem þeir vita að þeir þurfa að læra en er verið að mæla það sem máli skiptir? Það er hugmyndafræðileg spurning. Eru menn bara að nota þessi próf til þess að spá fyrir um gengi nemenda áfram eða eru menn að nota þau til þess að mæla eitthvað sem máli skiptir um málkunnáttu?“ (Óðinn Jónsson, 2015).

Við þetta má bæta spurningunni: Er verið að prófa upp úr efni sem hefur verið kennt? Hvaða efni um íslenskan málstaðal liggur undir?

Einnig hefur Hafsteinn Karlsson, skólastjóri og bæjarfulltrúi í Kópavogi (Haukur Viðar Alfreðsson, 2013) greint frá því að honum blöskri áherslur samræmda könnunarprófsins fyrir 10. bekk sem fram fór árið 2013. Hann telur að lögð sé meiri áhersla á undantekningar í málinu en almenna íslenskukunnáttu og segir: *„Við erum að kenna börnunum að nota tungumálið á skapandi hátt og til þess að tjá sig í töluðu og rituðu máli. Svo kemur eitthvað próf sem leggur línurnar fyrir móðurmálskennslu og það er bara aftan úr grárrí forneskju“* (Haukur Viðar Alfreðsson, 2013). Hann telur einnig að prófið hafi letjandi áhrif á áhuga barna á móðurmálinu og hreki þau frá því að nota það sem tjáningarmiðil. Að hans mati er það ekki lífsins nauðsyn að krakkar geti stafsett orð hárrétt eða að þau segi allt málfræðilega rétt (Haukur Viðar Alfreðsson, 2013). Þetta er afar áhugaverð nálgun hjá Hafsteini þar sem fram kemur í máli hans að prófið sé ekki í takt við það sem verið er að kenna í skólum sem letji áhuga barna fremur en hvetji á móðurmálinu. Mikilvægt er að ákveðinn hvati sé fyrir því að nota tungumálið til að viðhalda því og sjá það þróast áfram.

Ragnar Þór Pétursson, heimspekingur og kennari (2015) hefur einnig tjáð sig um samræmdu könnunarprófin í íslensku. Hann telur að Menntamálastofnun mæli allt nám með lestri og er hann ósammála þess konar hugsunarhætti.

„Það er ekki þannig að sá sem er góður í lestri verði sjálfkrafa góður í öllu öðru sem er mælt. Það er á hinn veginn. Sá sem er ekki góður í lestri getur ekki mælst góður í neinu með mælitækjum stofnunarinnar.“ (Ragnar Þór Pétursson, 2015).

Ragnar greinir frá því að hefðbundið læsi sé á undanhaldi og ástæður þess séu að fólk sé hætt að lesa bækur og þær standist ekki samkeppnina við aðra miðla. Sumir einstaklingar séu líklegri en aðrir til að skoða og lesa bækur í návist barna sinna en þessir einstaklingar séu yfirleitt bókhneigðir og langskólagengnir. Samkvæmt Ragnari er fylgni á milli menntunar foreldra og árangurs á samræmdum prófum í íslensku næstum fullkomin eða 0.985 (Ragnar Þór Pétursson, 2015). Það er um margt sérstakt að samræmdu prófin sem vega þungt í skólakerfinu séu sett fram með þeim hætti að einstaklingur þurfi að vera góður í lestri til að geta náð árangri í þeim og því spurning hvort framsetning prófanna sé of einsleit og taki ekki mið af ólíkum þörfum einstaklinga.

Ragnar telur að þær upplýsingar sem safnist með samræmdum prófum séu mikilvægar. Þessar mælingar séu hinsvegar ótraustar þegar vitað er til þess að fjöldi skóla og sveitarfélaga stundi það að halda sumum nemendum frá prófunum til að stuðla að betri meðaleinkunn skólans á meðan aðrir gera það ekki. Að hans mati er niðurbrjótandi fyrir nemanda að vera settur í próf sem er hannað til þess að fella hann. Eins bendir hann á að ekki sé nauðsyn að hanna prófið með þeim hætti að meirihluti þess sé fyrir ofan getu um þriðjungs nemenda. Hann segir að niðurbrot nemenda skrifist algjörlega á sparnað og gamaldags matsaðferðir og að hans mati eigi matsaðferðirnar að vera aðrar og mæla fjölbreyttari þætti (Ragnar Þór Pétursson, 2013).

Baldur Hafstað, doktor í íslensku og prófessor emeritus við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (María Lilja Þrastardóttir, 2013), telur það mjög alvarlegt ef ástæða þess að áhugi barna á íslensku fari minnkandi séu rangar áherslur. Þetta sé vert að skoða. Hann þreytti samræmda könnunarprófið í íslensku fyrir 10. bekk (Námsmatsstofnun, 2013e) en

viðurkenndi að hann hefði átt í þó nokkrum erfiðleikum með að svara nokkrum spurningum í prófinu.

„Mér fannst sumar spurningarnar svolítið óljósar. Satt að segja átti ég erfitt með að svara tveimur þremur spurningum. Ég hugsa að ég fengi nú ekki tíu í þessu prófi.“ (María Lilja Þrastardóttir, 2013). Það er áhugavert að ígrunda orð Baldurs Hafstað þar sem hann veltir því upp að minnkandi áhugi barna á íslensku komi til vegna rangra áherslna en mikivægt er fyrir tungumálið og framtíð þess að áhugi barna á notkun þess sé virk og það sé hvati í samfélaginu til að nota tungumálið. Þess vegna þurfa próf að byggja á þeirri nálgun en ekki koma aftan úr grárri forneskju sem getur haft letjandi áhuga barna á tungumálinu og að þau noti það sem tjáningarmiðil.

5 Villur í samræmdum könnunarprófum í íslensku

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor (Óðinn Jónsson, 2015) hefur greint slæmar villur í samræmdum könnunarprófum í íslensku, þó einna helst úr prófum sem lögð voru fyrir 10. bekk árið 2014 (Námsmatsstofnun, 2014e) en þar var að finna fjórar spurningar sem gefið var rétt svar fyrir rangt, fleiri en eitt svar voru rétt eða orðalag var villandi. Sumar spurningarnar voru óheppilega orðaðar og þ.a.l. með villandi orðalagi (Óðinn Jónsson, 2015). Hann greinir einnig frá því að villur í samræmdum prófum segi ekki til um stöðu íslenskrar tungu og ekki sé hægt að mæla íslenskukunnáttu nemenda og hvernig málnotendur þeir séu út frá frammistöðu þeirra á prófinu (Anna Marsibil Clausen, 2014). Þær fjórar spurningar sem innihéldu einhverskonar villur eða villandi orðalag, sbr. greiningu Eiríks, eru eftirfarandi:

Dæmi um spurningu þar sem rangt var gefið fyrir rétt svar:

29. Hvert orðanna hér að neðan er aðeins til í fleirtölu?

P) *andstæður*

R) *áhyggjur*

S) *ákærur*

T) *þrætur* (Námsmatsstofnun, 2014e).

Rétt svar samkvæmt því sem upp var gefið var valmöguleiki S) *áhyggjur* (Námsmatsstofnun, 2014i) en eins og Eiríkur bendir á í færslu á Facebook-síðu sinni þann 5. nóvember 2015 (Eiríkur Rögnvaldsson, 2015a) er orðið vissulega til í eintölu og það má auðveldlega finna í íslenskri orðabók (Árni Böðvarsson, 1996).

Dæmi um spurningu þar sem fleiri en eitt svar voru rétt:

48. Hvað þýðir orðtakið „að fá eitthvað í þokkabót“?

K) *að fá eitthvað aukalega*

L) að fá eitthvað kræsilegt

M) að fá eitthvað lítilsvert

N) að fá eitthvað ókeypis (Námsmatsstofnun, 2014e).

Rétt svar samkvæmt því sem upp var gefið var valmöguleiki K) *að fá eitthvað aukalega* (Námsmatsstofnun, 2014i). Eiríkur bendir á að það sem hins vegar sé rangt við þann svarmöguleika sé að einnig sé gefinn upp svarmöguleikinn að fá eitthvað ókeypis, en það hljóti einnig að vera rétt, þar sem það sé allavega ekki rangt (Villandi spurningar og röng svör í samræmdu prófi í íslensku, 2014).

Hér koma tvö dæmi um spurningar með villandi orðalagi:

50. Sagnir í boðhætti eru aðeins til í

V) 2. persónu

X) 3. persónu

Þ) fleirtölu

Æ) þátíð (námsmatsstofnun, 2014e).

Rétt svar samkvæmt því sem upp var gefið var valmöguleiki V) *2. persónu* (Námsmatsstofnun, 2014i). Eiríkur bendir á að það sé mjög villandi þegar sagt er að sagnir í boðhætti séu einungis til í 2. persónu, þar sem réttara sé að boðhátur sagna sé aðeins til í 2. persónu (Eiríkur Rögnvaldsson, 2015a).

68. Stofn nafnorða finnst í _____

K) nefnifalli

L) þolfalli

M) þágufalli

N) eignarfalli (Námsmatsstofnun 2014e).

Rétt svar er valmöguleiki L) *þolfalli* (Námsmatsstofnun, 2014i). Eiríkur greinir frá því að það eigi ekki við um öll nafnorð þó að það eigi við um stofn sterkra karlkyns nafnorða. Dæmi um stofn orða sem finna má í öðrum föllum eru t.d. krakka, drottningu og brúði (Eiríkur Rögnvaldsson, 2015a).

Eiríkur Rögnvaldsson (Óðinn Jónsson, 2015) prófessor, greinir frá því í viðtali sem tekið var við hann í morgunþætti Rásar 2 (Óðinn Jónsson, 2015) að ef skoðuð eru hæfniviðmið aðalnámskrár (2013) sé ekki auðsjáanlegt hvernig þau falli að prófunum. Að hans mati sé verið að leggja of mikla áherslu á fáa ákveðna hluti (Óðinn Jónsson, 2015).

6 Samantekt og niðurstöður

Í þessum kafla verður svarað þeim rannsóknarspurningum sem lagðar voru fyrir í upphafi ritgerðar.

Í samræmdu könnunarprófunum í 4. bekk voru engar spurningar þar sem beinlínis var leitað eftir þekkingu nemenda á muninum á réttu máli og röngu. Hins vegar voru nokkrar spurningar þar sem nemendur áttu að velja orð sem réttast væri að nota í þeirri setningu sem gefin var upp. Miðað við niðurstöður athugunar á kennsluáætlunum í 4. bekk árin 2013, 2014 og 2015 eru ákveðnar vísbendingar sem gefa til kynna að lítil sem engin áhersla sé lögð á þá þætti sem verið var að prófa úr hvað varðar rétt og rangt mál og eyðufyllingar.

Í samræmdu könnunarprófunum í 7. bekk var aukning á vægi spurninga um rétt og rangt mál borið saman við prófin fyrir 4. bekk. Það jókst einnig milli ára en þær fóru úr engri árið 2013 yfir í tvær árið 2015. Lítið var um eyðufyllingarspurningar en finna mátti eina spurningu í hverju prófi öll árin. Athugun á kennsluáætlunum leiðir í ljós að lítil áhersla virðist lögð á að kenna nemendum að þekkja muninn á góðu og ekki góðu máli. Ekki var heldur að finna vísbendingar um að nemendur hafi verið æfðir í eyðufyllingarverkefnum sem einnig voru hluti af prófunum en óvarlegt er að fullyrða mikið um sjálfa kennsluna út frá því.

Í samræmdu könnunarprófunum í 10. bekk var vægi spurninga um rétt og rangt mál mun meira en í 4. og 7. bekk. Í prófinu frá árinu 2013 var vægið þó ekki mikið en fór vaxandi milli ára. Á prófinu frá árinu 2014 voru spurningarnar orðnar þrjár en árið 2015 voru þær orðnar tíu. Vægi spurninga sem þessara hefur sem sagt aukist og því var áhugavert að skoða kennsluáætlanirnar. Athugun á kennsluáætlunum í íslensku á unglingsstigi benda ekki til þess að mikið sé lagt upp úr kennslu í að þekkja rétt mál frá röngu og gott mál frá miður góðu. Þó var kveðið á um að taka ætti fyrir rétt og rangt mál í kennsluáætlunum tveggja 9. bekkja í úrtakinu. Því má segja að í einhverjum mæli sé verið að kenna þessa þætti í sumum skólum.

Þegar samræmd könnunarpróf í íslensku eru skoðuð kemur í ljós að töluverð áhersla er lögð á að kanna færni nemenda í að meta rétt og rangt og gott og vont mál. Svo virðist sem þessi áhersla aukist eftir því sem nemendur eldast. Eftir að hafa skoðað

samræmdu könnunarprófin í 4., 7. og 10. bekk og borið vægi spurninga um rétt og rangt mál saman við kennsluáætlanir tuttuguogátta grunnskóla var ekki hægt að sjá, út frá þeim kennsluáætlunum sem skoðaðar voru, að áhersla hafi verið lögð á þess konar spurningar við kennslu.

Í viðtali við Morgunvaktina á Rás 1 veltir Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor (Óðinn Jónsson, 2015) því fyrir sér hvort prófin séu einungis notuð til þess að spá fyrir um gengi nemenda í áframhaldandi námi eða hvort þau séu notuð til þess að mæla það sem máli skipti um málkunnáttu nemenda (Óðinn Jónsson, 2015). Fróðlegt gæti verið að skoða þetta nánar.

Framangreind próf hafa hlotið töluverða gagnrýni á undanförunum árum, meðal annars út frá því að ekki sé verið að prófa nemendur í þeim þáttum sem mestu skipta, að prófin séu ekki í samræmi við áherslur í aðalnámsskrá og að prófspurningarnar sjálfar séu óskýrar og jafnvel beinlínis rangar. Í framhaldi af þessari ígrundun væri forvitnilegt að skoða samræmdu könnunarprófin nákvæmlega m.t.t. aðalnámsskrár (2013).

Við athugun á prófum sem lögð voru fyrir árin 2013, 2014 og 2015 verður ekki annað séð en að gagnrýni á borð við þá sem að framan greinir sé á rökum reist

7 Lokaorð

Það er vel þekkt að margir kvíða prófum. Þetta á ekki hvað síst við þegar um er að ræða samræmd próf þar sem að kennarar ráða ekki því um hvað er spurt og hafa því ekki möguleika að laga sjálfir prófin að áherslum sínum í kennslu. Það skapar enn aukið óöryggi hjá nemendum sem getur þó verið ærið fyrir.

Próf ætti aldrei að leggja fyrir til þess eins að leggja þau fyrir. En próf geta verið mikilvægur hluti af námsmati og ættu sem slík alltaf að miðast við að leiða í ljós hvernig er með sem bestum hætti hægt að koma til móts við þarfir viðkomandi nemenda.

Samræmd próf hafa í gegnum tíðina legið undir ámæli ýmissa hluta vegna. Ragnar Þór Pétursson hefur lýst vanköntum þeirra með eftirfarandi hætti.

„Kjarninn er þessi. Samræmd próf eru eins og reglustika í höndum blinda garðyrkjufraeðings. Skólakerfið er eins og blómagarður sem reynir sitt besta til að koma vel út á mati blinda mannsins. Of margir fórna lit sínum fyrir stærri blöð eða beinni stílka.“ (Ragnar Þór Pétursson, 2013). Með þessum orðum er Ragnar að vísa til þess að samræmd könnunarpróf byggi á of einsleitum matsaðferðum sem leiði til mismununar þar sem ákveðinn hópur nemenda á auðveldara með að sýna hæfni sína á þeim þáttum sem prófaðir eru umfram aðra nemendur. Eins sé ekki tekið tillit til skólakerfisins og þeirrar flóru sem þar er að finna og of margir skólar leggi áherslu á að koma vel út á þessum prófum á kostnað flórunnar og gróskunnar í skólunum.

Í þessari ritgerð var sjónum einkum beint að þeim þætti samræmdra könnunarprófa í íslensku sem snýr að því að prófa þekkingu nemenda á góðu eða réttu máli. Margt sem kemur fram í ritgerðinni bendir til þess að spurningar af því tagi, sem dæmi eru rakin um séu alls ekki til þess fallnar að ná þeim tilgangi sínum að gagnast við námsmat, einkum í ljósi þess að ekki virðist vera leitast sérstaklega við að leiðbeina nemendum og auka færni þeirra í þessum þáttum í kennslu. Auk þess má spyrja sig að hvaða marki slík kennsla á rétt á sér, hvernig hún á að fara fram og hvernig taka eigi mið af mismunandi félagslegum og menningarlegum bakgrunni nemenda, hvaða kennslufni á að nota, við hvað á að miða þegar íslenskur málstaðall er annars vegar o.s.frv.

Einnig má benda á að spurningar sem dæmi eru nefnd um í ritgerðinni virðast alls ekki nógu vandaðar þannig að réttmæti þeirra má draga í efa. Þegar svo við bætist að í

raun virðist fyrst og fremst vera reynt að draga fram vankunnáttu nemenda, frekar en að þeir nái að sýna fram á kunnáttu sína og færni í beitingu tungumálsins, verður að efast um að Námsmatsstofnun, og eftir atvikum grunnskólar landsins, séu á réttri braut þegar kemur að námsmati í íslensku, a.m.k. hvað málnotkunarþáttinn varðar. En mikilvægt er að samræmd könnunarpróf taki mið af því sem skólastarf á að snúast um.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti (2011): Greinasvið 2013 /2013.

Menntamálaráðuneytið: Reykjavík

Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska. (2007). Menntamálaráðuneytið: Reykjavík.

Amalía Björnsdóttir. (1999). Áreiðanleiki og réttmæti prófniðurstaðna. Helgi Skúli Kjartansson, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Kristín Indriðadóttir og Ólafur J. Proppé (ritstjórar), *Steinar í vörðu til heiðurs Þuríði Kristjánsdóttur sjötugri* (bls. 137–146). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Anna Marsibil Clausen. (2014, 5. nóvember). Rangar og villandi spurningar í samdæmdu prófunum. *Mbl.is*. Sótt af:

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/11/05/rangar_og_villandi_spurningar/

Árni Böðvarsson. (ritstjóri). (1996). Íslensk orðabók, önnur útgáfa, aukin og bætt. Reykjavík: Mál og menning.

Einar Guðmundsson (2005-2006). Þýðing og staðfærsla sálfræðilegra prófa. *Sálfræðiritið-Tímarit Sálfræðifélags Íslands*. 10-11 árg. 23-40.

Eiríkur Rögnvaldsson. (2014, 6. nóvember). *Facebook.com*. Sótt af:

<https://www.facebook.com/photo.php?fbid=10152554069148871&set=pb.542863870.-2207520000.1462281810.&type=3&theater>

Eiríkur Rögnvaldsson. (2015a, 5. nóvember). *Facebook.com*. Sótt af:

<https://www.facebook.com/photo.php?fbid=10152552209658871&set=pcb.1015255222693871&type=1&theater>

Eiríkur Rögnvaldsson. (2015b, 4. desember). *Facebook.com*. Sótt af:

<https://www.facebook.com/photo.php?fbid=10153398434953871&set=pb.542863870.-2207520000.1462281775.&type=3&theater>

Erna Ingibjörg Pálsdóttir. 2011. *Fjölbreyttar leiðir í námsmati: að meta það sem við viljum að nemendur læri*. Reykjavík: Iðnú

Gronlund, N.E. (2003). *Assessment of student achievement* (7. útgáfa). Bandaríkin: Allyn og Bacon.

Haukur Viðar Alfreðsson. (2013, 25. september). Skólastjóri segir samræmt próf í íslensku fáránlegt. *Visir.is*. Sótt af: <http://www.visir.is/skolastjori-segir-samraemt-prof-i-islensku-faranlegt/article/2013130929521>

Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). (2015). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ingvar Sigurgeirsson. (1999). Námsmat byggt á traustum heimildum... . Helgi Skúli Kjartansson, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Kristín Indriðadóttir og Ólafur J. Proppé (ritstjórar), *Steinar í vörðu til heiðurs Þuríði Kristjánsdóttur sjötugri* (bls. 147–169). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Kolbeinn Tumi Daðason. (2014, 6. nóvember). Taktu umdeilda íslenskuprófið: Prófessor gefur lítið fyrir svör deildarstjóra. *Visir.is*. Sótt af: <http://www.visir.is/taktu-umdeilda-islenskuprofid--professor-gefur-litid-fyrir-svor-deildarstjora/article/2014141109296>

Lög um grunnskóla nr 66/1995.

Lög um grunnskóla nr 91/2008.

María Lilja Þrastardóttir. (2013, 26. september). Doktor í íslensku gat ekki klárað samræmt próf. *Visir.is*. Sótt af: <http://www.visir.is/doktor-i-islensku-gat-ekki-klarad-samraemt-prof/article/2013130929306>

Námsmatsstofnun.(2013a). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 4. bekk, I hefti. Sótt af: http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2013/4_bekk/2013_isl/0413_isl1.pdf

- Námsmatsstofnun.(2013b). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 4. bekk, II hefti. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2013/4_bekk/2013_isl/0413_isl2.pdf
- Námsmatsstofnun.(2013c). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 7. bekk, I hefti. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2013/7_bekk/2013_isl/0713_isl1.pdf
- Námsmatsstofnun.(2013d). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 7. bekk, II hefti. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2013/7_bekk/2013_isl/0713_isl2.pdf
- Námsmatsstofnun.(2013e). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 10. bekk, I hefti. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2013/10_bekk/2013_isl/1013_isl.pdf
- Námsmatsstofnun. (2013f). *Samræmd könnunarpróf haustið 2013: Framkvæmd og uppbygging*. Sótt af
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/framkvamd/framkvamd_47010_2013.pdf
- Námsmatsstofnun. (2013g). Matsreglur og svör, íslenska 10. bekkur. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2013/10_bekk/2013_matsreglur/mat_2013_isl.pdf
- Námsmatsstofnun.(2014a). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 4. bekk, I hefti. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2014/4_bekk/isl_04_2014_1hefti.pdf
- Námsmatsstofnun.(2014b). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 4. bekk, II hefti. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2014/4_bekk/isl_04_2014_2hefti.pdf
- Námsmatsstofnun.(2014c). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 7. bekk, I hefti. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2014/7_bekk/isl_07_2014_1hefti.pdf

Námsmatsstofnun.(2014d). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 7. bekk, II hefti. Sótt af:

http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2014/7_bekk/isl_07_2014_2hefti.pdf

Námsmatsstofnun.(2014e). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 10. bekk, I hefti. Sótt af:

http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2014/10_bekk/isl_10_2014_hefti.pdf

Námsmatsstofnun. (2014f). *Samræmd könnunarpróf haustið 2014: Framkvæmd og uppbygging*. Sótt af:

http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/framkvamd/framkvamd_47010_2014.pdf

Námsmatsstofnun. (2014g). Matsreglur í íslensku, 4. bekkur. Sótt af:

http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2014/4_bekk/matsreglur_04_2014_isl.pdf

Námsmatsstofnun. (2014h). Matsreglur í íslensku, 7. bekkur. Sótt af:

http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2014/7_bekk/matsreglur_07_2014_isl.pdf

Námsmatsstofnun. (2014i). Matsreglur í íslensku, 10. bekkur. Sótt af:

http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2014/10_bekk/matsreglur_10_2014_isl.pdf

Námsmatsstofnun.(2015a). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 4. bekk, I hefti. Sótt af:

http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2015/4_bekk/isl_04_2015_1hefti.pdf

Námsmatsstofnun.(2015b). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 4. bekk, II hefti. Sótt af:

http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2015/4_bekk/isl_04_2015_2hefti.pdf

Námsmatsstofnun.(2015c). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 7. bekk, I hefti. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2015/7_bekk/isl_1_7_bekk_2015.pdf

Námsmatsstofnun.(2015d). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 7. bekk, II hefti. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2015/7_bekk/isl_2_7_bekk_2015.pdf

Námsmatsstofnun.(2015e). Samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 10. bekk, I hefti. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2015/10_bekk/isl_10_2015_heftid.pdf

Námsmatsstofnun. (2015f). Matsreglur í íslensku, 4. bekkur. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2015/4_bekk/4_isl_mat_2015.pdf

Námsmatsstofnun. (2015g). Matsreglur í íslensku, 7. bekkur. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2015/7_bekk/7_isl_mat_2015.pdf

Námsmatsstofnun. (2015h). Matsreglur í íslensku, 10. bekkur. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/2015/10_bekk/10_isl_mat_2015.pdf

Námsmatsstofnun. 2015. *Samræmd könnunarpróf haustið 2015: Framkvæmd og uppbygging*. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/framkvamd/framkvaemd_471015.pdf

Óðinn Jónsson. (2015, 7. desember). Prófin mæla ekki það sem skiptir máli. *Ruv.is*. Sótt af:
<http://www.ruv.is/frett/profin-maela-ekki-thad-sem-mali-skiptir>

Ólafur J. Proppé. (1999). Þróun samræmdra prófa í íslenskum skólum frá 1180 - 1877. Helgi Skúli Kjartansson, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Kristín Indriðadóttir og Ólafur J. Proppé (ritstjórar), *Steinar í vörðu til heiðurs Þuríði Kristjánsdóttur sjötugri* (bls. 61-90). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Ragnar Þór Pétursson. (2013, 17. september). Ögn um inntak ljóða [bloggfærsla]. Sótt af:
<http://blog.pressan.is/ragnarthor/2013/09/17/ogn-um-inntak-ljoda/>

Ragnar Þór Pétursson. (2015, 5. nóvember). Árlegi pistillinn. *Stundin.is*. Sótt af:
<http://stundin.is/blogg/maurildi/arlegi-pistillinn/>

Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla nr. 435/2009.

Rúnar Sigþórsson. (2008). *Mat í þágu náms eða nám í þágu mats*: Samræmd próf, kennsluhugmyndir kennara, kennsla og nám í náttúrufræði og íslensku í fjórum íslenskum grunnskólum. Óbirt doktorsritgerð: Kennaraháskóli Íslands.

Seifert, K. og Sutton, R. (2009). *Educational psychology* (2. útgáfa). Sótt af:
<http://www.saylor.org/site/wp-content/uploads/2012/06/Educational-Psychology.pdf>

Sigurgrímur Skúlason, Finnbogi Gunnarsson og Rósa Einarsdóttir. (2005). Skýrsla um samræmd próf í 10. bekk árið 2005. Reykjavík: Námsmatsstofnun. Sótt af:
http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/samramd_prof/skyrsl_samramd_2005/10.bekk_605%20.pdf

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (e.d.). Mörkuð íslensk málheild. Sótt af:
<http://mim.arnastofnun.is>

Svandís ósátt við Námsmatsstofnun: Forherðing! Hörð gagnrýni á samræmdu prófi í íslensku. (2014, 6. nóvember). *Pressan.is*. Sótt af:
<http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/svandis-osatt-vid-namsmatsstofnun-forherding-hord-gagnryni-a-samraemt-prof-i-islensku>

Villandi spurningar og röng svör í samræmdu prófi í íslensku. (2014, 5. nóvember). *Pressan.is*. Sótt af: <http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/villandi-spurningar-og-rong-svor-i-samraemdu-profi-i-islensku>